

Náttúrustofa Norðausturlands



Ársskýrsla
2010

Náttúrustofa Norðausturlands

Náttúrustofa Norðausturlands starfar skv. lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, sbr. lög nr. 92/2002. Helstu hlutverk náttúrustofa eru:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar skv. ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélags, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar. Umhverfisstofnun skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

Náttúrustofa Norðausturlands er rekin af Húsavíkurbæ og Skútustaðahreppi með aðkomu ríkisins líkt og kveðið er á um í samningi milli sveitarfélaganna og umhverfisráðuneytis. Náttúrustofan er staðsett á Húsavík, innan veggja þekkingarseturs Húsavíkur. Starfssvæði Náttúrustofunnar nær frá Ólafsfirði í vestri og austur á Langanes.

Stjórn Náttúrustofu Norðausturlands skipa Jón Helgi Björnsson, stjórnarformaður skipaður af Norðurþingi, Tryggvi Jóhannsson, skipaður af Norðurþingi og Margrét Hólm Valsdóttir, skipuð af Skútustaðahreppi.

Júní 2011

Porkell Lindberg Þórarinnsson

Myndir: Náttúrustofa Norðausturlands
og Yann Kolbeinsson

Forsíðumynd: NNA

Útgefandi: Náttúrustofa Norðausturlands

Prentun: Guðjón Ó.

Ágrip forstöðumanns	4
Starfsfólk	5
Fjárhagur	6
Vinnustaðurinn	7
Rannsóknir	8
Umhverfismál og fræðsla	15
Önnur verkefni	19
Rit og veggspjöld	22
Erindi	23




Ágrip forstöðumanns

Að venju vann Náttúrustofa Norðausturlands að fjölmörgum spennandi verkefnum árið 2010. Eins og búast mátti við, hefur eðli verkefna breyst nokkuð frá því árið 2008. Minna er um útseld þjónustuverkefni og því meiri áhersla á á eigin rannsóknaverkefni. Í þessu sambandi hafa samningur um vöktun fuglastofna í Þingeyjarsýslum, sem gerður var við Umhverfisstofnun árið 2009 og verkefnatengd fjárveiting fjárlaganefndar Alþingis skipt sköpum. Þessar fjárveitingar hafa gert það að verkum að hægt hefur verið að halda út öflugum fuglarannsóknateymi, þrátt fyrir þrengingar í þjónusturannsóknunum og niðurskurð á fjárframlögum. Fuglarannsóknir eru og hafa verið hryggjarstykkið í starfsemi Náttúrustofunnar og á því varð engin breyting árið 2010. Helstu rannsóknarverkefni stofunnar voru rannsóknir á sumarafföllum rjúpa og vöktun fuglastofna í Þingeyjarsýslum. Þjónustuverkefni voru fyrirferðarlítill en þó týndust nokkur til, misstór. Helst er að nefna ráðgjafarvinnu við gerð verndaráætlunar fyrir Vatnajökulspjóðgarð, sem kláraðist á árinu.

Samdráttur í framlögum og tekjumöguleikum vegna útseldra verkefna mun að sjálfsögðu ekki geta haldið lengi áfram án þess að það komi niður á starfseminni. Þó tekist hafi að halda rekstrinum í þokkalegu jafnvægi árið 2010, var það einkum vegna þeirrar óvenjulegu aðstæðna að þrír starfsmenn tóku út fæðingarorlof á árinu. Árið 2011 stendur Náttúrustofan því frammi fyrir því erfiða verkefni að halda úti fullri starfsemi, þrátt fyrir niðurskurð undanfarinna tveggja ára og minnkandi tekjumöguleika. Það mun því reyna á að halda útgjöldum innan þolmarka en ljóst að nokkur halli verður á rekstrinum að óbreyttu.

Niðurskurði á framlagi ríkisins, sem nú mælist í tugum prósent, er mikilvægt að snúa við ef ekki á að fara illa fyrir starfsemi náttúrustofa um allt land. Í starfsemi sem þessari er mjög mikilvægt að halda í starfsfólk, því þar liggur sérþekking sem erfitt getur verið að ná í utan höfuðborgarsvæðisins. Það liggur í eðli náttúrustofanna að þær byggja ekki eingöngu á þjálfun og menntun starfsmanna heldur getur staðsetning og svæðisbundin sérhæfing stofnananna af sér afar verðmæta sérþekkingu á náttúrufari Íslands. Tapist þessi sérþekking getur reynst erfitt að ná í hana aftur. Þá ber að horfa til þess að yfirleitt eru ekki mörg önnur atvinnutækifæri í hinum dreifðari byggðum fyrir sérmenntað starfsfólk náttúrustofa. Missi það vinnuna flyst það í burtu. Náttúrustofurnar eru því byggðamál og hafa þær fyrir löngu sannað gildi sitt í því tilliti. Þau störf sem þær skapa fyrir háskólamenntað fólk í samfélögum sínum eru mikilvæg, ekki síst í félagslegu tilliti. Þá hefur þjónustan og sá virðisauki sem af starfsemi náttúrustofa hlýst komið samfélögunum til góða á ýmsan hátt. Ekki má heldur gleyma því hagræði sem hlýst af því að náttúrustofur starfi í nánd við viðfangsefni sín.

Þegar þrengir að í samfélaginu og huga þarf að því að fá sem mest fyrir hverja krónu í ríkisrekstrinum þarf að velja við öllum steinum. Ef horft er almennt yfir starfsemi náttúrustofanna má sjá ákveðin sóknarfæri í þessu sambandi. Náttúrustofurnar eru nefnilega mjög hagkvæmar einingar og fær ríkið, í stöðugildum talið, að jafnaði mun meira fyrir hverja krónu sem lögð er í náttúrustofu heldur en sambærilegar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Því ætti ríkisvaldið, á slíkum aðhaldstímum sem við búum nú við, að sjá tækifæri í því að úthýsa og færa verkefni í meira mæli til náttúrustofa í átt að sérhæfingu þeirra og nálægð við viðfangsefni, í stað þess að skera þar niður. Þannig væri hægt að tryggja og nýta þá sérþekkingu og mannauð sem í náttúrustofunum býr, til hagræðis fyrir alla, hvort sem horft er til faglegra eða byggðarlegra sjónarmiða. Sjái stjórnvöld tækifærin sem í þessu felast geta Náttúrustofa Norðausturlands og aðrar náttúrustofur horft björtum augum fram á veginn.



Þorkell Lindberg Þórarinnsson
forstöðumaður

Árið 2010 störfuðu 5 starfsmenn hjá Náttúrustofunni:



Þorkell Lindberg Þórarinnsson, líffræðingur (M.Sc.) hefur starfað sem forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands frá því hún hóf starfsemi árið 2003. Hann sér um daglegan rekstur, stjórnun og uppbyggingu stofunnar, m.a. með fjár- og verkefnaöflun. Samhliða því kom Þorkell að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar árið 2010.



Sesselja Guðrún Sigurðardóttir, líffræðingur (B.Sc.) hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá árinu 2004. Hún var í fæðingarorlofi árið 2010.



Aðalsteinn Örn Snæþórsson, líffræðingur (B.Sc.) og kennari hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá árinu 2006. Hann hefur komið að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar, einkum þó fuglarannsóknnum og fræðslu.



Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, líffræðingur (M.Sc.) og auðlindastjórnunarfræðingur hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá árinu 2008. Hún vann aðallega að verkefnum tengdum umhverfismálum og fræðslu.




Yann Kolbeinnsson, líffræðingur (B.Sc.) hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá árinu 2009. Hann hefur unnið að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar, einkum fuglarannsóknnum.

Sumarstarfsmenn: Sumarið 2010 störfuðu þær Iris Schwenkmeier og Maika Holzapfel sem sjálfboðaliðar við rjúpnarannsóknir hjá Náttúrustofunni.




Fjárhagur

Price Waterhouse Coopers hefur séð um bókhaldsvinnu fyrir Náttúrustofuna, ásamt launagreiðslum, reikningsskilum og endurskoðun. Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar frá Price Waterhouse Coopers námu heildartekjur stofunnar 30 millj. kr fyrir árið 2010. Heildarrekstrarkostnaður var 33,8 millj. kr. Nánari upplýsingar um fjárhag stofunnar er að finna í ársreikningi hennar.



Hlutfallsleg skipting tekna Náttúrustofunnar árið 2010



Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar Náttúrustofunnar árið 2010

Starfsmannahald

Starfsmenn Náttúrustofunnar hafa verið 5 talsins frá því í febrúar 2009. Auk fastráðinna starfsmanna hefur Guðmundur Örn Benediktsson tekið að sér fuglatengd verkefni fyrir stofuna, svo sem farfuglavöktun við Öxarfjörð og athugun á landnámi brandanda á Melrakkasléttnu.

Tveir sjálfbóðaliðar, Iris Schwenkmeier og Maika Holzapfel störfuðu hjá stofunni vorið 2010 sem aðstoðarmenn við rjúpnarannsóknir.



Iris Schwenkmeier og Maika Holzapfel, ásamt Ólafi K. Nielsen.



Húsnaði Náttúrustofunnar og samstarfsstofnanna

Húsnaði

Náttúrustofan hefur verið staðsett að Hafnarstétt 3 á Húsavík síðan seinni hluta árs 2008 innan Þekkingarsetursins á Húsavík, en þar starfa einnig Þekkingarnet Þingeyinga, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Húsavík.



Hnúfubakur (Megaptera novaeangliae) á Skjálfanda.



Vöktun fuglalífs í Þingeyjarsýslum

Samkvæmt samningi við Umhverfissráðuneytið hefur Náttúrustofan fylgst með þróun fuglastofna í Þingeyjarsýslum. Verkefnið er umfangsmikið og beinist að vöktun vatnafugla, mófugla og sjófugla auk umsjónar með framkvæmd vetrarfuglatalninga á svæðinu.

Sumarið 2010 voru vatnafuglar taldir á votlendis-svæðum í Aðaldal, Reykjadal, Köldukinn, Ljósavatnsskarði og Kelduhverfi en það hefur verið gert árlega frá árinu 2004. Niðurstöður og breytingar á fjölda vatnafugla frá árinu 2004 má sjá á heimasíðu Náttúrustofunnar.

Náttúrustofan tók þátt í hefðbundinni vöktun vatnafugla í Mývatnssveit í samstarfi við Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn eins og undanfarin ár.

Mófuglar voru taldir annað árið í röð á 105 punktum víðsvegar í Þingeyjarsýslum, með svokallaðri punkt-talningaraðferð.

Sjófuglar voru taldir í Skoruvíkurbjargi. Þar var sniðtalningaraðferð beitt og svartfuglar og fýlar taldir einu sinni en ritur tvisvar til að meta varpárangur. Slíkt hið sama var gert fyrir ritur í tveimur minni björgum í

nágrenni Húsavíkur.

Frá árinu 2007 hefur verið fylgst með fýlum í Ásbyrgi í kjölfar viðkomubrests sem varð sumarið 2006. Fjöldi fýlasetra hefur verið talinn árlega. Mikil fækkun hefur orðið og var fjöldi setra árið 2010 aðeins um helmingur þess sem var um aldamótin síðustu.


Frá árinu 2008 hefur Náttúrustofan staðið að skipulagningu og úrvinnslu vetrarfuglatalninga í Þingeyjarsýslum austan Ljósavatnsskarðs. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur yfirumsjón með þessum talningum á landsvísu. Jafnframt hefur Náttúrustofan unnið úr niðurstöðum talninga umhverfis Tjörnes frá árinu 1956 þegar þar var fyrst talið. Þessar niðurstöður má sjá á heimasíðu stofunnar. Í vetrarfuglatalningu sem fram fór um áramótin 2009/2010 sáust rúmlega 23.000 fuglar af 53 tegundum. Talið var á 21 svæði en aldrei áður hafa svo mörg svæði verið talin í Þingeyjarsýslum. Algengastur fugla var æðarfugl, rúmlega 12.500 slíkir voru taldir. Verkefnisstjórar eru Yann Kolbeinsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson.



Fýlar (*Fulmarus glacialis*).

Vöktun vatnalífs

Samhliða vöktun vatnafugla hefur flugnagildrum verið komið fyrir við Sílalækjarvatn, Miklavatn, Víkingavatn og Skjálftavatn frá árinu 2006. Auk þess hafa hornsíli verið veidd í Víkingavatni. Sumarið 2011 er stefnt að því að hefja rannsóknir á krabbadýrum í þessum vötnum. Rannsóknum á vatnalífi er ætlað að styðja við rannsóknir á vatnafuglum. Verkefnisstjóri er Sesselja Guðrún Sigurðardóttir.



Flugnagildra tekin niður að hausti og tæmd.



Rauðbrystingar (*Calidris canutus*).

Komutími farfugla

Fjórða árið í röð var fylgst með komu farfugla við Öxarfjörð og á Melrakkaslétu í samstarfi við Guðmund Örn Benediktsson, fuglaáhugamann á Kópaskeri. Guðmundur hefur fylgst náið með komum farfugla á svæðinu frá árinu 2001. Markmið verkefnisins er að fylgjast með komutíma farfugla í tengslum við umhverfisaðstæður. Verkefnisstjóri er Aðalsteinn Örn Snæþórsson.



Kinnarfjöll



Landnám brandanda á Melrakkaslétu

Frá sumrinu 2008 hefur árlega verið gerð úttekt á brandandarstofnsins á Melrakkaslétu, en þar varp tegundin fyrst árið 1999. Sem fyrr var farin könnunarferð um Melrakkaslétu í júlí 2010. Einungis fjögur pör fundust með unga að þessu sinni en líklegt er að fleiri varppör hafi verið á staðnum þó þau hafi ekki fundist í þessari ferð. Niðurstöður athugana og talninga áranna 1999 til 2009 munu birtast í næsta hefti tímaritsins Blika en sumarið 2009 fundust tólf pör á Melrakkaslétu þó þau hafi líklega ekki öll verið í varpi. Verkefnisstjóri er Yann Kolbeinsson.



Brandendur (Tadorna tadorna) á flugi.



Vorperla (Draba verna).



Rjúpa á hreiðri

Rjúpnarannsóknir

Náttúrustofan tók þátt í hefðbundnum vöktunarannsóknunum Náttúrufræðistofnunar Íslands á rjúpu í samvinnu við Ólaf K. Nielsen. Einnig kemur Náttúrustofan að rannsóknunum sömu stofnunar á sjúkdómsvöldum í rjúpum, eins og undanfarin ár.

Varpárangur og sumarafföll rjúpna í Suður-Þingeyjarsýslu

Rannsóknir í Hrísey frá miðri síðustu öld hafa bent til að afföll kvenfugla yfir vor og sumartímann ásamt afráni á hreiðri og ungum séu mjög lítil hjá rjúpum (*Lagopus muta*) á Íslandi. Nýlegar athuganir Náttúrufræðistofnunar Íslands á suðvesturhorni landsins hafa hins vegar sýnt að afföll á þessum tíma, bæði á kvenfuglum og hreiðrum, eru mikil.

Þar sem þýðingarmestu varplönd rjúpunnar á Íslandi eru í Þingeyjarsýslum er mikilvægt að afla þar upplýsinga um afföll kvenfugla að sumarlagi og varpárangur þeirra. Til að afla þessarar vitneskju hóf Náttúrustofa Norðausturlands í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands rannsókn sem stóð yfir sumarið 2009 og sumarið 2010.



Rjúpa (Lagopus muta).



Aðalsteinn Örn Snæþórsson handsamar rjúpur (Lagopus muta).



Rjúpa með senditæki.



Rjúpa losuð úr neti.

Kvenfuglar voru veiddir í net að vori og á þá sett senditæki sem senda frá sér útvarpsbylgjur. Fuglarnir voru veiddir í Suður – Þingeyjarsýslu, flestir á Tjörnnesinu enda þéttleikinn mestur þar. Einu sinni í viku yfir sumarið var svo hver fugl heimsóttur og athugað hvort hann var lífs eða liðinn. Ef fugl hafði drepist var reynt að grafast fyrir um dánarorsök. Einu sinni á álegutíma var hver fugl fældur af hreiðri til að kanna urpt og eftir klak var hreiðrið heimsótt aftur til að athuga með klakhlutfall. Þegar ungar voru 5 – 6 vikna gamlir voru þeir taldir til að meta framleiðsluna.

Fylgst var í heildina með 40 – 50 fuglum í um 4 mánuði hvort ár. Unnið er að úrvinnslu úr þessum rannsóknum en ljóst er að afföllin í Suður - Þingeyjarsýslu er mun minni en á Suðvesturlandi og framleiðsla verulega meiri. Helstu affallspættir rjúpunnar í þessari rannsókn reyndust vera refir, fálkar og bílar. Verkefnisstjóri er Aðalsteinn Örn Snæþórsson.



Farhegðun og vetrarstöðvar flórgoða

Náttúrustofan hefur allt frá árinu 2004 rannsakað ýmsa þætti í stofn- og varpvistfræði flórgoða (*Podiceps auritus*). Hluti þeirra rannsókna fellur nú undir vöktunarverkefni Náttúrustofunnar og fara því fram árlega.

Sumarið 2009 voru auk hefðbundinna vor- og síðsumartalninga í Þingeyjarsýslum settir hnattstöðuritar (e. *geolocator*) á 10 flórgoða á Víkingavatni. Hnattstöðuritarnir eru mjög fyrirferðarlitlir og eru festir á fótmerki. Þeir safna upplýsingum um staðsetningu út frá birtutíma (daglengd) og er ætlað að veita upplýsingar um vetrarstöðvar og farhætti íslenskra flórgoða. Engar upplýsingar liggja fyrir um þessa þætti í vistfræði flórgoðans, enda hafa sambærileg tæki aldrei áður verið notuð á flórgoða, hvorki hér á landi né annars staðar í heiminum. Ekki hefur sambærileg tækni heldur verið notuð á neinn af

ættingjum hans innan goðaættarinnar (*Podicipedidae*). Því er um frumkvöðlaverkefni að ræða og af þeim sökum var ákveðið að fara hægt af stað með notkun tækjanna og þróun aðferðafræði við veiðar og merkingar. Sumarið 2010 náðust fjórir flórgoðar sem fengið höfðu hnattstöðurita árið áður. Ástand þeirra var mjög gott og virtust merkin ekki hafa haft nein áhrif á þá. Þá bentu frumniðurstöður til þess að þessi tækni gæfist vel á flórgoða. Því var ákveðið að setja út fleiri hnattstöðurita og voru ellefu til viðbótar festir á flórgoða á Víkingavatni sumarið 2010.

Veturinn 2010 – 2011 var unnið úr gögnum úr þeim fjórum hnattstöðuritum sem endurheimtust sumarið 2010. Stefnt er að fyrstu birtingu niðurstaðna þegar viðunandi fjöldi hnattstöðurita hefur endurheimst. Það gæti orðið árið 2012. Verkefnisstjóri er Þorkell Lindberg Þórarinnsson.



Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson endurheimta merktan flórgoða (*Podiceps auritus*).



Þórshanaþar (*Phalaropus fulicarius*) í miðjum klíðum.

Úttekt á útbreiðslu og stofnstærð þórshana

Sumarið 2010 stóð Náttúrustofan fyrir úttekt á stofnstærð íslenska þórshanastofnsins (*Phalaropus fulicarius*) en síðasta úttekt fór fram sumrin 2004-2005. Margir fuglaáhugamenn komu að þessari talningu en niðurstöður hennar verða kynntar í grein um stöðu íslenska þórshanastofnsins í Blika. Verkefnisstjóri er Yann Kolbeinsson.

Vetrarstöðvar ritu við N-Atlantshaf

Náttúrustofan tekur þátt í alþjóðlegu rannsóknaverkefni sem hefur það að markmiði að kortleggja vetrardreifingu rita (*Rissa tridactyla*) við N-Atlantshaf. Að verkefninu koma tugir aðila allt í kring um N-Atlantshafið. Tuttugu ritur voru fangaðar og merktar í Hafnarhólma í Borgarfirði eystri árið 2009 og á þær festir hnattstöðuritar (*e.geolocator*) sem safna upplýsingum um staðsetningu út frá birtutíma (daglengd). Sumarið 2010 var þeirra vitjað í tveimur leiðöngrum. Alls sáust 12 merktar ritur í varpinu

og náðust þær allar, með góðri hjálp Halldórs W. Stefánssonar hjá Náttúrustofu Austurlands. Gögn úr hnattstöðuritum voru send til úrvinnslu í Noregi, þar sem miðlæg frumúrvinnsla þeirra fór fram. Frekari úrvinnsla fór fram í Danmörku veturinn 2010 – 2011 undir stjórn Morten Frederiksen hjá Árósarháskóla, en hann stýrir þessu alþjóðlega verkefni. Stefnt er að því að fyrstu niðurstöður verkefnisins verði birtar árið 2011. Ábyrgðarmaður á Íslandi er Þorkell Lindberg Þórarinnsson.



Rituungi (*Rissa tridactyla*).



Skrofa (*Puffinus puffinus*).

Farhættir skrofa

Frá árinu 2006 hafa staðið yfir rannsóknir á skrofum (*Puffinus puffinus*) sem verpa í Ystakletti í Vestmannaeyjum, í samstarfi við Jacob González-Solís frá Háskólanum í Barcelona og Náttúrustofu Suðurlands. Rannsóknirnar snúa að farháttum tegundarinnar en notaðir eru hnattstöðuritar sem safna upplýsingum um staðsetningu út frá birtutíma og gefa okkur þannig upplýsingar um farleiðir og vetrarstöðvar fuglanna í Atlantshafi. Ábyrgðarmaður hér á landi er Yann Kolbeinsson.



Rannsóknir

Fiðrildavöktun

Tveimur ljósgildrum, sem ætlaðar eru til veiða á fiðrildum, er haldið út á starfssvæði Náttúrustofunnar. Önnur er staðsett í Ási í Kelduhverfi og hin á Skútustöðum í Mývatnssveit. Gildrunar eru tæmdar vikulega og aflinn greindur til tegunda. Gildrunum er haldið úti frá miðjum apríl og þar til í byrjun nóvember ár hvert. Fiðrildavöktunin er unnin í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Verkefnisstjóri er Aðalsteinn Örn Snæþórsson.



Fiðrildagildra



Mývatn



Fiskeldið Rifós ehf.

Vöktun Lóna

Árið 2010 hóf Náttúrustofa Norðausturlands vöktun á lífríki Lóns í Kelduhverfi að beiðni fiskeldisfyrirtækisins Rifóss ehf. sem rekur þar matfiskeldi. Til að byrja með felur vöktunin í sér vikulegar athugandir á þörungaframleiðslu í Lónum ásamt fuglatalningu að vori. Verkefnisstjóri er Aðalsteinn Örn Snæþórsson.

Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs

Sumarið 2008 hófst vinna við gerð tillögu að verndaráætlun fyrir norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Verkefnið var unnið fyrir svæðisráð norðursvæðis og lauk því í byrjun árs 2010. Náðið samstarf var við önnur svæði þjóðgarðsins en Náttúrustofa Austurlands vann tillögu fyrir svæðisráð austursvæðis og Háskólasetrið á Hornafirði vann tillögur fyrir svæðisráð suður- og vestursvæðis. Í kjölfarið tók stjórn þjóðgarðsins við tillögum einstakra svæðisráða og vann úr þeim eina stjórnunar- og verndaráætlun fyrir allan þjóðgarðinn. Verkefnisstjóri var Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir.



Úr Nautagili, skammt frá Öskju..



Brandugla (*Asio flammeus*) á hreiðri



Frá námskeiði í þjóðgarðastjórnun í Snæfellsstofu. Mynd: Pétur Bjarnason.

Ráðstefna og námskeið um umhverfis- og þjóðgarðastjórnun

Dagana 11. - 14. október 2010 stóð Vísindagarðurinn á Egilsstöðum í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands og Þekkingarnet Austurlands fyrir opinni ráðstefnu og námskeiði um umhverfis- og þjóðgarðastjórnun. Aðalfyrirlesari á ráðstefnunni var Stephen McCool, Professor Emeritus við Háskólann í Montana, en hann er virtur fræðimaður á þessu sviði. Á námskeiðinu, sem haldið var í framhaldi af ráðstefnunni, kenndi hann LAC (Limits of Acceptable Change) aðferðafræðina sem er m.a. notuð við skipulag þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Ágæt þátttaka var bæði á ráðstefnunni og námskeiðinu sem var fyrst og fremst ætlað starfsfólki friðlýstra svæða.



Umhverfismál og fræðsla

Fálkasetur Íslands

Verkefnið Fálkasetur Íslands var í undirbúningi veturinn 2009-2010 en hugmyndin að verkefninu byggir á því að nýta einstakar aðstæður í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum til að fræða almenning um íslenska fálkann, lifnaðarhætti og tengsl hans við aðrar tegundir og þá sérstaklega rjúpuna. Stofnað hefur verið félag um verkefnið, þ.e. Fálkasetur Íslands. Félagið er frjáls félagasamtök áhugamanna og opinberra aðila um stofnun og rekstur fálkaseturs í Jökulsárgljúfrum.

Vatnajökulsþjóðgarður, Náttúrustofa Norðausturlands, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Fuglastígur á Norðausturlandi hafa komið að undirbúningi verkefnisins en Náttúrustofan vann greinargerð fyrir verkefnið. Auk þess hefur verið haft samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi stofnun Fálkasetursins en Náttúrufræðistofnun veitir verkefninu faglega ráðgjöf og efni. Verkefnisstjóri er Aðalsteinn Örn Snæþórsson.



Fálki (*Falco rusticolus*).



Aðalsteinn Örn Snæþórsson fræðir áhugasama gesti um fjörlífi.

Handbók í náttúrutúlkun

Náttúrustofan vann að gerð handbókar í náttúrutúlkun en stefnt er að því að handbókin komi út á vordögum 2011. Til verkefnisins hefur Náttúrustofan meðal annars fengið styrk frá Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar, Vinum Vatnajökuls, Umhverfisráðuneytinu og Ferðamálastofu. Handbókin fjallar um hugmyndafræði og aðferðir náttúrutúlkunar og sérstök áhersla er lögð á að staðfæra efnið að íslenskum aðstæðum. Markmiðið er að handbókin nýtist landvörðum, leiðsögumönnum, kennurum og öðrum þeim sem vilja tileinka sér aðferðir náttúrutúlkunar við leiðsögn og kennslu. Verkefnisstjóri er Sigprúður Stella Jóhannsdóttir.

Fuglastígur á Norðausturlandi

Á undanförunum árum hefur Náttúrustofan komið að þróun Fuglastígs í Þingeyjarsýslum í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Verkefnið snýr að uppbyggingu fuglatengdrar ferðapjónustu á svæðinu og hefur Náttúrustofan veitt ráðgjöf í tengslum við fuglaskoðun. Árið 2010 var stofnað félag, Fuglastígur á Norðausturlandi, sem er samstarfsvettvangur

ferðapjónustuaðila og áhugafólks um uppbyggingu fuglaskoðunar í Þingeyjarsýslum.

Náttúrustofan hefur formlega aðkomu að félaginu og er fulltrúi hennar formaður stjórnar. Fulltrúi Náttúrustofunnar tók því þátt í ýmsu þróunarstarfi Fuglastígs árið 2010, m.a. gerð nýs fuglaskoðunarbæklinga og þátttöku í fuglaskoðunarkaupstefnu (Birdfair) í Bretlandi.



Rita (*Rissa tridactyla*) á flugi.



Frá fiðrildakvöldi.

Fiðrildakvöld

Föstudagskvöldið 6. ágúst stóð Vatnajökulsþjóðgarður fyrir fræðslukvöldi um fiðrildi í Ásbyrgi þar sem Aðalsteinn Örn Snæþórsson starfsmaður Náttúrustofunnar hélt fræðsluerindi í Gljúfrastofu. Eftir fræðsluerindið var farið í gönguferð að Ási þar sem fiðrildagildra Náttúrustofunnar er staðsett. Rúmlega 30 gestir á öllum aldri mættu á fræðslukvöldið.



Umhverfismál og fræðsla

Fræðsluerindi

Samtök náttúrustofa standa fyrir mánaðarlegum fræðsluerindum yfir vetrartímann. Stofurnar skiptast þar á að halda fræðsluerindi í hádegi síðasta fimmtudags hvers mánaðar. Þau eru send út víðs vegar um landið í gegnum fjarfundabúnað og eru öllum opin. Á starfssvæði Náttúrustofunnar var hægt að fylgjast með erindunum í Þekkingarsetri Þingeyinga á Húsavík og Menntasetrinu á Þórshöfn.

Á árinu 2010 voru erindin 4 talsins. Að meðaltali sóttu 33 einstaklingar hvert erindi vítt og breytt um landið.



Pórshanafrú (Phalaropus fulicarius) í fjöru.



Mývatn

Kennsla

Á vorönn 2010 tók Náttúrustofan að sér umsjón og kennslu eins áfanga í náttúrufræðum við Framhaldsskólann á Húsavík að beiðni skólans.

Starfsmaður Náttúrustofunnar kenndi náttúrutúlkun á námskeiði Umhverfisstofnunar í landvörslu og á námskeiði ferðamáladeildar Háskólans á Hólum á vorönn 2010.

Starfsmaður í þjálfun

Á atvinnuþemadögum Öxarfjarðarskóla vorið 2010, fékk Náttúrustofan til sín upprennandi líffræðing, Hlyn Aðalsteinsson, í starfskynningu. Hlynur tók þátt í rjúpnamerkingum með föður sínum Aðalsteini Snæþórssyni, starfsmanni Náttúrustofunnar.



Hlynur, starfsmaður í þjálfun.

Greining framandi dýra

Á hverju ári koma þó nokkrir gestir í heimsókn með framandi lífverur til greininga. Starfsmenn Náttúrustofunnar reyna eftir megni að greina þau dýr sem komið er með en leita einnig til sérfræðinga á öðrum stofnunum ef þess gerist þörf. Þá er oft hringt á Náttúrustofuna vegna torkennilegra fugla sem sést hafa og reyna starfsmenn að leysa úr slíku í gegnum síma eða jafnvel fara á staðinn.

Árið 2010 barst Náttúrustofunni torkennilegur fiskur sem veiðst hafði í Skjálfanda árið 2008. Fiskurinn var sendur til sérfræðings Hafrannsóknarstofnunar, Jónbjörns Pálssonar, sem greindi fiskinn sem lý (*Pollachius pollachius*). Lýr er náskyldur ufsa en þeir tilheyra sömu ættkvísl. Lýr lifir við vesturströnd Evrópu en er flækingsfiskur hér við land. Hann veiðist öðru hverju undan suðurströndinni en afar sjaldan við norðurströndina.



Lyngbobbi (*Arianta arbustorum*) barst Náttúrustofunni frá Flytjanda, þangað hafði hann borist með vörubretti.



Lýr (*Pollachius pollachius*).



Porkell Lindberg Þórarinnsson á flórgoðaveiðum við Víkingavatn.



Önnur verkefni

Fuglamerkingar

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með merkingum fugla á Íslandi. Starfsmenn Náttúrustofu Norðausturlands hafa leyfi til þess að merkja fugla og hafa þeir sinnt því með störfum sínum þó ekki hafi verið um kerfisbundnar merkingar að ræða fram að þessu. Sumarið 2010 voru nokkrir flórgoðar merktir við Víkingavatn. Þá voru einnig merktir auðnutittlingar á Akureyri.

Önnur aðkoma Náttúrustofunnar að fuglamerkingum er vegna endurheimtra fuglamerkja en sífellt færast í aukana að fólk skili fuglamerkjum til Náttúrustofunnar. Stofnunin hefur enda hvatt fólk til þess á vefsíðu sinni um leið og sagðar hafa verið sögur af merktum fuglum á Norðausturlandi. Náttúrustofan tekur við merkjum og upplýsingum um þau og kemur þeim áfram til Náttúrufræðistofnunar Íslands.



Yann Kolbeinsson við fuglamerkingar.



Minkur (Mustela vison).

Náttúrustofuping

Náttúrustofuping 2010 var haldið á Hótel Hvolsvelli þriðjudaginn 12. október 2010. Kynnt voru nokkur af þeim fjölmörgu verkefnum sem starfsmenn náttúrustofanna vinna að, auk tveggja gestafyrirlestra. Á þinginu greindi Aðalsteinn Örn Snæþórsson frá rannsóknum sínum á sumarafföllum og varpáangri rjúpna í Suður-Þingeyjarsýslu. Samhliða þinginu var haldinn ársfundur Samtaka náttúrustofa.


Náttúrustofuping eru haldin árlega og skiptast náttúrustofurnar á að halda þau. Að þessu sinni var það Náttúrustofa Suðurlands sem sá um skipulagningu þingsins.



Rjúpa (*Lagopus muta*)



Flórgoði (*Podiceps auritus*)



Heiðagæsir (*Anser brachyrhynchus*).

Sumarferð Samtaka Náttúrustofa

Frá því sumarið 2007 hafa náttúrustofurnar farið árlega í sameiginlega rannsóknarferð sem þær skiptast á að skipuleggja. Sumarið 2010 stóð Náttúrustofa Austurlands fyrir merkingum á heiðagæsum í sárum á Jökuldalsheiði. Í ferðinni voru merktar um 120 gæsir. Plöntur við Snæfell voru einnig skráðar sem og flórgoðavarp á Úthéraði kortlagt.



Rit og veggspjöld

Jón S. Ólafsson, Friðþjófur Árnason og Sesselja Guðrún Sigurðardóttir (2010). *Bakkaá og Reyðará á Tjörnesi. Úttekt á lífverum og umhverfi þeirra vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka*. Veiðimálastofnun og Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1001

Jón S. Ólafsson, Gróa Valgerður Ingimundardóttir, Iris Hansen og Sesselja Guðrún Sigurðardóttir (2010). *Smádýralíf í afrennslisvatni frá háhitasvæðunum við Kröflu, Ölkelduháls og í Miðdal í Henglinum*. Veiðimálastofnun, VMST/10019

Kristinn Ólafur Kristinsson (2010). *Hrygningargöngur, hrygningarstaðir og afkoma laxa í Laxá í Aðaldal og þverám hennar*. Meistaraprófsritgerð við Háskóla Íslands.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (2010). *Norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Tillaga að verndaráætlun*. Unnið fyrir svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1002

Yann Kolbeinsson (2010). *Óvenjulegur fjöldi flækingsfugla norðan heiða*. Fuglar 7: 3.

Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson (2010). *Fuglavöktun í Þingeyjarsýslum 2009*. Skýrsla til umhverfisráðuneytis. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1003

Ævar Petersen og Þorkell Lindberg Þórarinsson (2010). *Atlantic Puffin in Iceland: Population changes and main threats*. Veggspjald á 1st World Seabird Conference, Victoria (Kanada), 7.-11. sept 2010.



Aðalsteinn Örn Snæþórsson. *Fiðrildi fylla Jökulsárgljúfur*. Erindi flutt á fræðslukvöldi Vatnajökulsþjóðgarðs í Gljúfrastofu 6. ágúst 2010.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson. *Sumarafföll og varpárangur rjúpna í Suður-Þingeyjarsýslu*. Erindi flutt á Náttúrustofupingi á Hvolsvelli 12. október 2010.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. *Gestastofur*. Erindi flutt á landvarðanámskeiði Umhverfisstofnunar 20. febrúar 2010.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. *Umhverfistúlkun*. Erindi flutt á landvarðanámskeiði Umhverfisstofnunar 20. febrúar 2010.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. *Framtíð ferðamennsku í Þjóðgörðum*. Erindi flutt á landvarðanámskeiði Umhverfisstofnunar 26. febrúar 2010.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. *Upphaf þjóðgarða og gildi þeirra*. Erindi flutt á landvarðanámskeiði Umhverfisstofnunar 26. febrúar 2010.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. *Umhverfistúlkun 1*. Erindi flutt á námskeiði hjá Háskólanum á Hólum 17. mars 2010.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. *Umhverfistúlkun 2*. Erindi flutt á námskeiði hjá Háskólanum á Hólum 24. mars 2010.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. *Management Planning for Vatnajökull National Park*. Erindi flutt á námskeiði í Þjóðgarðastjórnun hjá Umhverfis- og Auðlindadeild Háskóla Íslands 2. júní 2010.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. *Að starfa í þjóðgarði og búa í fámenni. Reynslusaga og framtíðarsýn*. Erindi flutt á Ársfundi Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði 27. september 2010.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir. *Þróun þjóðgarða Íslands - Störf og starfsemi*. Erindi flutt á málþingi um Þjóðgarðastjórnun (Þjóðgarðastjórnun - Gildi þekkingar og menntunar) á Egilsstöðum 11. október 2010.

Yann Kolbeinsson. *Fuglar og fuglaskoðun*. Erindi flutt á námskeiði fyrir Símenntun Háskólans á Akureyri 5. júní 2010.

Yann Kolbeinsson. *Birding Iceland - where two continents meet*. Erindi flutt fyrir Utsira fuglestasjon á Utsira, Noregi 9. október 2010.





N á t t ú r u s t o f a
N o r ð a u s t u r l a n d s